

Sorpstöð Rangárvallasýslu
Suðurlandsvegur
850 Hella

Reykjavík, 20. september 2021
UST202103-107/S.M.
08.14.02

Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 11. ágúst sl. þar sem Umhverfisstofnun óskaði eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram kom í eftirliti 7. desember 2017. Þann 17. september sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Samkvæmt gr. 2.1 í starfsleyfi skal aðgangur að svæðinu vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega úrgangslausun. Girðing um svæðið liggur að hluta til niðri. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hófust endurbætur á girðingunni þann 16. september sl. og er áætlað að þeim ljúki í síðasta lagi í lok október 2021.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur